

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 2. gr. reglugerðar nr. 111/1978 um akstur almenningsvagna frá biðstöð, hefur verið ákveðið að heimila Strætisvögnum Akureyrar að auðkenna þá vagna fyrirtækisins, er notaðir eru til fólksflutninga á áætlunarleiðum á Akureyri, í samræmi við ákvæði 1. gr. nefndrar reglugerðar. Eftirleiðis gilda því ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar um akstur vagnanna frá merktri biðstöð.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 1. nóvember 1981.

Eliás I. Eliásson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Umferð um Espigrund ber að víkja fyrir umferð um Víkurbraut með biðskyldu. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 18. nóvember 1981.

Björgvin Bjarnason.